

Priðjudaginn 12. nóvember 1996.

Nr. 400/1996.

Protabú Hjartar Ingbórssonar

(Ómar Stefánsson hdl.)

gegn

Garðari Ingbórssyni

(Reynir Karlsson hrl.)

Kærumál. Aðild. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 21. október 1996, þar sem sóknaraðila var gert að leggja fram tryggingu, að fjárhæð 120.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í máli hans á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og hafnað kröfu varnaraðila um, að sóknaraðila verði gert að leggja fram tryggingu fyrir málskostnaði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1995 var bú Hjartar Ingbórssonar tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu tollstjórans í Reykjavík. Skiptafundur í þrotabúinu var haldinn 9. september 1996 og sú ákvörðun tekin að höfða mál á hendur varnaraðila til riftunar á ráðstöfun þrotamanns, en hann er bróðir varnaraðila. Á umræddum fundi var lýst yfir því fyrir hönd tollstjórans í Reykjavík og Gjaldheimtunnar í Reykjavík, að ábyrgð væri tekin á þeim kostnaði, sem kynni að falla á búið vegna málsins. Slík ábyrgð fyrrgreindu stofnunarinnar leiðir einnig af 2. mgr. 66. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Með hliðsjón af þessum skuldbindingum tveggja opinberra stofnana þykja engin efni til, að sóknaraðila verði gert að leggja fram tryggingu fyrir málskostnaði, sem honum kynni að verða gert að

greiða í máli hans á hendur varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðili, Garðar Ingþórsson, greiði sóknaraðila, þrotabúi Hjartar Ingþórssonar, 50.000 krónur í kærumálskostnað.
